




Þekkingarnet
Þingeyinga



**Þingeyjarsýslur í tölum
2021**

september 2022

Bekkingarnet Þingeyinga
Hafnarstétt 3, 640 Húsavík
www.hac.is

Forsíðumynd
Hjallar við Kaldbak:
Lilja B. Rögnvaldsdóttir

Ábyrgð/ritstjórn
Óli Halldórsson

Framkvæmd:
Lilja B. Rögnvaldsdóttir
Elías Árni Eyþórsson

ISBN: 978-9935-405-69-2






5.052

Íbúar í Þingeyjarsýslum
1.jan 2022

Bls 1



41,2

Meðalaldur íbúa í Þingeyjarsýslum
1.jan 2022

Bls 1



46,9%

Hlutfall kvenna í Þingeyjarsýslum
1.jan 2022


Bls 1



2.781

Fjöldi starfandi með lögheimili
í Þingeyjarsýslum 2021

Bls 2



6,8%

Atvinnuleysi í Þingeyjarsýslum
2021

Bls 3



5.830.000

Miðgildi heildarárstekna í
Þingeyjarsýslum 2021

Bls 4



327.837

Gistinætur í Þingeyjarsýslum
2021

Bls 5



70%

Næturgesta í Þingeyjarsýslum
komu í júní til ágúst 2021

Bls 5



67.740

Farþegar í hvalaskoðun
á Skjálfanda 2021

Bls 6



535

Nemendur í grunnskólum í
Þingeyjarsýslum 2020


Bls 7

ÍBÚAR Í ÞINGEYJARSÝSLUM


Heildarfjöldi íbúa í Þingeyjarsýslum árið 2022 var 5.052 sem er fjölgun um 0,92% frá fyrra ári. Hlutfall kvenna var 46,9% á móti 53,1% hjá körlum sem er svipað hlutfall og síðustu þrjú ár. Meðalaldur íbúa í Þingeyjarsýslum er nokkuð yfir landsmeðaltalinu eða 41,2 ár í samanburði við 38,0. Er það hækkun um 3,5% á síðustu 10 árum í Þingeyjarsýslum. Þróun íbúafjölda eftir sveitarfélögum undanfarinn áratug er eftirfarandi:

Norðurþing:	+6,2%
Skútustaðahreppur:	+27,8%
Tjörneshreppur:	-10,9%
Þingeyjarsveit:	-5,1%
Svalbarðshreppur:	-4,1%
Langanesbyggð:	+3,3%

Íbúafjöldi 1. jan. 2022 eftir sveitarfélögum




Meðalaldur íbúa í Þingeyjarsýslum 2013-2022




Hlutfallslega varð fjölgunin mest í Skútustaðahreppi og fækkunin mest í Þingeyjarsveit á tímabilinu 2013-2022.

Frekari upplýsingar má finna í skýrslu þð: [Mannfjöldaþróun í Þingeyjarsýslum 2013-2022](#)

Íbúafjöldi í Þingeyjarsýslum 2013-2022



Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum 2000-2022




FJÖLDI STARFANDI Í ÞINGEYJARSÝSLUM

Samkvæmt Hagstofu Íslands var fjöldi starfandi* með lögheimili í Þingeyjarsýslum alls 2.781 árið 2021. Er það fækkun um 3% á síðustu tíu árum. Á sama tímabili voru flestir starfandi árið 2017 þar sem þeir voru 3.235 en fæstir árið 2012, alls 2.689. Þegar horft er til þróunar innan hvers sveitarfélags á svæðinu síðastliðinn áratug er hún eftirfarandi:


Norðurþing:	+4,6%
Skútustaðahreppur:	+26,5%
Tjörneshreppur:	-20,6%
Þingeyjarsveit:	-6,5%
Svalbarðshreppur:	-19,0%
Langanesbyggð:	+3,2%

Fjölgunina má helst tengja við framkvæmdatíma vegna uppbyggingar á Þeistareykjum og Bakka og vöxt í ferðapjónustu.


Fjöldi starfandi eftir sveitarfélögum árið 2021



Fjöldi starfandi í Þingeyjarsýslum 2012-2021



Fjöldi starfandi eftir sveitarfélögum 2012-2021



Heimild: Hagstofa Íslands, e.d.a.

*Einstaklingar eru skilgreindir sem starfandi ef þeir höfðu tekjur af staðgreiðsluskyldri atvinnu sem samsvarar einni klukkustund á viku. Þeir eru einnig taldir starfandi sem voru í fæðingarorlofi frá vinnu og skiluðu reiknuðu endurgjaldi, á því tímabili sem gögnin ná yfir.


ATVINNULEYSI Í ÞINGEYJARSÝSLUM

Undanfarna tvo áratugi mældist atvinnuleysi í Þingeyjarsýslum mest árið 2020 þegar það var 8,9% að jafnaði á mánuði. Var það aðeins yfir meðaltali á landsvísu sem var á sama tíma 8,1%. Árið eftir, 2021, var það 7,2% á landinu öllu en 6,8% í Þingeyjarsýslum. Þá var það mest í Skútustaðahreppi og minnst í Svalbarðshreppi:


Norðurþing:	6,2%
Skútustaðahreppur:	11,5%
Tjörneshreppur	5,9%
Þingeyjarsveit:	5,6%
Svalbarðshreppur:	1,1%
Langanesbyggð	8,1%

Töluverð árstíðasveifla hefur verið í skráningum á atvinnuleysi þar sem það hefur mælst minnst yfir sumarmánuðina og mest yfir háveturinn.


Atvinnuleysi í Þingeyjarsýslum 2018-2021 eftir mánuðum



Atvinnuleysi eftir sveitarfélögum 2018-2021 ársmeðaltal



Atvinnuleysi 2000-2021 ársmeðaltal



Heimild: Vinnuálfstofnun, e.d.
Gögnin eru fengin frá Vinnuálfstofnun þar sem fjöldi atvinnulausra reiknast sem hlutfall af heildarvinnuafli á hverjum tíma eftir sveitarfélögum.


Miðgildi heildarárstekna einstaklinga í Þingeyjarsýslum árið 2021 var samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands 5.805 þúsund kr. Til samanburðar var sama tala 6.003 þús. kr. á landsvísu. Um er að ræða samtölu atvinnutekna, fjármagnstekna og annarra tekna samkvæmt niðurstöðum skattframtala einstaklinga. Upphæðirnar eru birtar á verðlagi hvers árs. Þegar litið er til miðgildis heildarárstekna einstaklinga eftir sveitarfélögum 2021 var það eftirfarandi í þúsundum króna:

Norðurþing:	6.019
Skútustaðahreppur:	5.854
Tjörneshreppur:	4.546
Þingeyjarsveit:	5.138
Svalbarðshreppur:	4.133
Langanesbyggð:	6.202


Hæstar voru tekjurnar í Langanesbyggð og Norðurþingi þar sem þær voru aðeins yfir landsmeðaltali. Í öllum sveitarfélögum nema einu, Svalbarðshreppi, voru tekjur karla hærri en kvenna.

Miðgildi er sú tala sem er í miðju gagnasafni þegar tölum hefur verið raðað frá þeirri lægstu til hæstu. Það útilokar því óvenju háar og lágur upphæðir en byggir ekki á öllum tölum gagnasafnsins. Þegar *meðaltal* heildarárstekna í Þingeyjarsýslum er reiknað er það lægra í öllum sveitarfélögum en á landsvísu og mældist árið 2021, 6.650 þús. kr. í Þingeyjarsýslum en 7.685 þús. kr. á landsvísu.


Miðgildi heildarárstekna 2012-2021



Miðgildi heildartekna eftir sveitarfélögum og kyni 2021



Miðgildi heildarárstekna eftir sveitarfélögum 2012-2021 í þús.kr.




Heimild: Hagstofa Íslands, e.d.e.

GISTINÆTUR Í ÞINGEYJARSÝSLUM

Heildarfjöldi gistinátta í Þingeyjarsýslum árið 2021 var 327.837. Vegna heimsfaraldursins var hlutfall íslenskra gesta óvenju hátt, eða um 39% af öllum gistinóttum árið 2021 og 51% árið 2020. Til samanburðar var það á bilinu 13-15% árin 2015-2019. Hlutfall Bandaríkjamanna var 14%, Þjóðverja 12%, Frakka 6% og Ítala 4% árið 2021.


Á árunum 2012 til 2019 rúmlega tvöfölduðust gistinætur í Þingeyjarsýslum þar sem þær fóru úr 194 þús. í 414 þús. Þeim fækkaði svo í 214 þús. í kjölfar heimsfaraldursins en tóku við sér aftur árið 2021 þegar þær voru 328 þús.

Gistinætur í Þingeyjarsýslum sumar og vetur*




Um 70% gistináttanna voru yfir sumar mánuðina þrjá árið 2021, en þó nokkur fjölgun hefur þó átt sér stað yfir vetrarmánuðina undanfarin ár, eins og greina má á myndinni hér fyrir neðan. Hún sýnir fjölda gistinátta á öllum tegundum gististaða í Þingeyjarsýslum eftir mánuðum.

Gistinætur í Þingeyjarsýslum 2012-2021



Gistinætur í Þingeyjarsýslum eftir mánuðum 2012-2021




Heimild: Hagstofa Íslands, e.d.b.
*Sumar: júní - ágúst

HVALASKOÐUN Á SKJÁLFANDA



Fjöldi farþega í hvalaskoðun árið 2021 var 67.740 á Húsavík. Segja má að árin 2016-2019 hafi verið þau bestu hingað til í hvalaskoðun á Húsavík þar sem fjöldi farþega var á bilinu 104-113 þúsund. Lítið framboð var á ferðum meðan á heimsfaraldrinum stóð en greinin virtist taka vel við sér árið 2021 og eru horfur því bjartar með framhaldið.

Fjöldi hvalaskoðunarfarþega eftir svæðum



Þegar horft er til hvalaskoðunar á landinu öllu undanfarin 10 ár hefur hlutdeild ferða á Skjálfanda lækkað nokkuð, eða úr 41% árið 2011 í 28% árið 2019. Skýrist það að einhverju leyti af auknu framboði í Eyjafirði. (Ekki er tekið tillit til 2020 vegna óvenjulegra aðstæðna það ár).

Fjöldi hvalaskoðunarfarþega á Skjálfanda frá upphafi (fjöldi í þús. farþega)



Ákveðin straumhvörf áttu sér stað í ferðabjónustu þegar hvalaskoðun hófst á Húsavík árið 1995 en hún er nú helsta aðdráttarafli ferðamanna til bæjarins. Fjöldi farþega hefur margfaldast og tímabil hvalaskoðunarferða lengst frá því sem var í upphafi. Það byrjar nú í mars og stendur út nóvember þó veður og vindar geti haft áhrif á framboð ferða.


67.740

Farþegar í hvalaskoðun á Skjálfanda 2021

FJÖLDI NEMENDA Í GRUNNSKÓLUM

Grunnskólanemendum í Þingeyjarsýslum hefur fækkað um 41% á síðustu 20 árum. Árið 2001 voru alls 910 nemendur í 11 skólum. Árið 2010 voru þeir 651 í tíu skólum og 535 í sjö skólum árið 2020. Á tímabilinu áttu sér stað fjórar sameiningar skóla á svæðinu. Áhugavert er að bera þessa þróun saman við þróun íbúafjölda svæðisins á sama tíma. Heildarfækkun íbúa var þá tæp 9% á meðan meðalaldur þeirra hækkaði úr 35 árum í 41 ár.

Fjöldi nemenda í grunnskólum í Þingeyjarsýslum 2001-2020



535

Nemendur í grunnskólum í
Þingeyjarsýslum 2020

Fjöldi nemenda eftir skólum árið 2020

Borgarhólsskóli	288
Stórutjarnaskóli	35
Reykjahlíðarskóli	37
Þingeyjarskóli	71
Öxarfjarðarskóli	28
Grunnskólinn á Raufarhöfn	8
Grunnskólinn á Þórshöfn	68

Ferðamálastofa, e.d. *Mælaborð ferðapjónustunnar. Hvalaskoðun*. Sótt 18. júlí af:
<https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/is/afthreying/hvalaskodun>

Hagstofa Íslands, e.d.a. *Fjöldi starfandi með lögheimili á Íslandi samkvæmt skráum eftir árum, kyni, aldri, bakgrunni og búsetu 2005-2021*. Sótt 20. júlí af:
<https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>

Hagstofa Íslands, e.d.b. *Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gististaða eftir sveitarfélögum 2008-2021*. Sótt 20. júlí af:
<https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/ferdathjonusa/gisting/>

Hagstofa Íslands, e.d.c. *Grunnskólanemendur eftir bekkjum og skóla 2001-2020*. Sótt 17. júlí af: <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>

Hagstofa Íslands, e.d.d. *Mannfjöldi. Sveitarfélög og byggðakjarnar*. Sótt 22. júlí af:
<https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>

Hagstofa Íslands, e.d.e. *Tekjur eftir sveitarfélögum og kyni 1990-2021 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2022*. Sótt 24. júlí af:
<https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/laun-og-tekjur/tekjur/>

Norðurping Hafnir, tölvupóstur 17. desember 2021.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir, 2014. Þróun og staða ferðapjónustu á Húsavík. Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.), *Þjóðarspejillinn, Ráðstefna í félagsvísindum XV*, Reykjavík.
<https://skemman.is/handle/1946/20009>

Vinnumálastofnun, e.d. *Atvinnuleysistöður í Excelskjöllum. Eftir sveitarfélögum*. Sótt 26. júlí 2022 af: <https://vinnumalastofnun.is/maelabord-og-tolulegar-upplýsingar/atvinnuleysi-tolulegar-upplýsingar>

Bekkingarnet Pingeyinga, 2022. Mannfjöldapróun í Pingeyjarsýslum. ÞÞ.
<https://hac.is/wp-content/uploads/2022-MannfjoldathrounLOKA.pdf>